




Reykjavík 28. ágúst 2013

Varðar: Farþegaferja í Esju.

Lagt er fram bréf borgarstjóra f.h. borgarráðs vegna afgreiðslu borgarráðs 27. júní 2013 á erindi verkfræðistofu Jóhanns Indriðasonar dags. 24. júní 2013 þar sem óskað er eftir þremur lóðum undir mannvirki í hlíðum Esju vegna fyrirhugaðrar farþegaferju. Borgarráð vísaði erindinu til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar og menningar- og ferðamálasviði. Einnig lagt fram bréf verkfræðistofu Jóhanns Indriðasonar ehf. dags. 19. júní 2013.

Í greinargerð með erindi kemur fram að verkefnið snúist um að skapa umhverfisvæna og arðbæra starfsemi sem felst í því að reisa og starfrækja rafmagnsknúna farþegaferju (kláfur) sem mun flytja 100-150 þ. ferðamenn árlega upp á Esjubrúnir. Reikna má með að flestir muni nota ferjuna til að komast upp og njóta útsýnis af Esju, og þá er jafnframt reiknað með að ferjan verði til að styrkja og efla útivist og náttúruupplifun á Esjunni, bæði með betra aðgengi, fjölbreyttari frístundastarfsemi, fræðslu og útiveru. Reiknað er með að undirbúningur taki 2 ár, framkvæmdir gætu hafist vorið 2015 og ferjan þá gangsett 1-2 árum síðar. Staðsetning farþegaferju er áætluð á svipuðum stað og göngufólk leggur upp á Esju núna. Þannig nýtast vegir og önnur aðstaða sem þegar er til staðar, ásamt því að almenningssamgöngur eru fyrir hendi við Esjurætur. Kláfurinn er síðan sveigður til austurs þannig að á löngum köflum er hann í hvarfi frá gönguleiðinni sem flestir fara upp á Esju. Þá eru einnig til staðar vegir í fjallinu sem gætu nýst vegna framkvæmda, sem myndu þá þýða minna rask á framkvæmdatíma. Sem liður í undirbúningi verkefnis er áformað að hefja veðurmælingar á þremur stöðum; við botn Kollafjarðar, á Rauðhól í Esjuhlíðum og svo á fjallsbrún. Einnig þurfa að koma til jarðfræðirannsóknir.



Óskað er eftir lóðum undir þrjú mannvirki, sjá nánar mynd:

- Neðri stöð ferju: Í grennd við bílastæði í botni Kollafjarðar. Stærð lóðar um 5.000 fm.
- Miðjumastur ferju: Á Rauðhól, í um 500 metra hæð. Stærð lóðar um 900 fm.
- Efsta stöð ferju: Endastöð ferju á Esjubrún, ásamt aðstöðu fyrir ferðamenn. Stærð lóðar um 5.000 fm. Nákvæm staðsetning ekki komin á hreint.

Skipulagsleg staða - aðalskipulag

Í gildandi aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 eru Esjuhlíðar skilgreindar sem óbyggt svæði að mestu, en þó við láglendið sem opið svæði til sérstakra nota, með bókstafinn (S), skógræktarsvæði og innan afmörkunar græna trefilsins. „Á opnum svæðum til sérstakra nota er gert ráð fyrir útivistariðkun af ýmsum toga og mannvirkjagerð í tengslum við útivistarnotkun á svæðinu. Opin svæði, sem ætluð eru fyrir sértæka starfsemi, eru merkt sérstaklega á landnotkunarkorti. Á opnum svæðum til sérstakra nota má gera ráð fyrir veitumannvirkjum, s.s. dælu-, fráveitu- og spennistöðvum, sem afmörkuð verða í deiliskipulagi viðkomandi svæða”.

Græni trefillinn myndar umgjörð um borgina og skilgreinir mörk útmerkur og þéttbýlissvæðis borgarinnar. Græni trefillinn er samfelld skógræktar- og útivistarsvæði og lögð er áhersla á að svæðið samanstandi af fjölbreyttu náttúrufari þar sem fléttast saman skógrækt og ósnortin náttúruleg svæði. Skógrækt innan Græna trefilsins er ákvörðuð á grunni náttúrufarsúttekta og heildarskipulags viðkomandi svæða. Ekki er gert ráð fyrir byggð innan Græna trefilsins en þó má gera ráð fyrir mannvirkjum er tengjast almennri frístundaiðju og útivistarnotkun á svæðinu o.fl.

Á óbyggðum svæðum er ekki gert ráð fyrir mannvirkjagerð en svæðin eru ætluð til almennrar útivistar (sbr. gr. 4.13. í skipulagsreglugerð). Óbyggð svæði má gera aðgengileg með gönguslóðum.

Í drögum að nýju aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, sem er nú í auglýsingu, eru ekki gerðar veigamiklar breytingar á svæðinu við Esjuhlíðar frá gildandi aðalskipulagi 2001-2024.

Skipulagsleg staða - deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulag fyrir Kjalarnes, Mógilsá-Kollafjörður, samþ. í Borgarráði 10.09.2002 m.s.br. Þar er ekki gert ráð fyrir farþegaferju upp á Esjuhlíðar með tilheyrandi útbúnaði og framkvæmdum heldur er um að ræða viðamiklæ göngustígakerfi frá Mógilsá og upp með hlíðunum. Íbúðarhúsaloð (Grundarhóll, sem er um 1.800 fm. lóð) er í næsta nágrenni við fyrirhugaða lóð neðri stöð ferju, og lóðin er jafnframt í næstu grennd við þjónustumiðstöðina og bílastæðin sem göngufólk notar til að labba upp með Esjuhlíðum.

Eftirfarandi markmið voru höfð til hliðsjónar við gerð deiliskipulagsins á sínum tíma: "Meginmarkmið með deiliskipulagi er að styrkja svæðið sem alhliða útivistarsvæði með áherslu á gönguleiðir, ræktun og vernd náttúru- og söguminja. Sérstök áhersla er lögð á undirlendi jarðanna, þ.e. neðan 200 m.y.s., en þar eru ræktunarskilyrði best og gott aðgengi árið um kring. Landnýting undirlendis verður fyrst og fremst tengd útivist og ræktun, auk verndar menningarminja".

Deiliskipulagið var unnið í samræmi við eftirfarandi undirmarkmið:

- Að festa í sessi útivist
- Að dreifa göngufólki meira um svæðið og nýta það betur
- Að bjóða fyrirtækjum og einstaklingum upp á reiti til ræktunar
- Að auka þjónustu við göngufólk og bæta aðstöður til gönguferða við hæfi sem flestra
- Að kynna almenningi starfsemina á svæðinu
- Að vernda náttúru- og söguminjar.

Jarðirnar Kollafjörður og Mógilsá (sem ná að mestu yfir allt gildandi deiliskipulagssvæði) eru að stærstum hluta í eigu íslenska ríkisins, en landbúnaðarráðuneytið keypti jarðirnar árið 1961. Áætlunin var þá að stunda þar laxeldi og gera tilraunir í skógrækt.

Niðurstaða

Tekið er undir að ferja (kláfur) til að komast upp á Esjuna muni, ef vel er staðið, bæta aðgengi fyrir fleiri að þessu vinsæla útivistarsvæði. Ef tekið verður jákvætt í að heimila farþegaferju upp með Esjuhlíðum og úthluta þeim lóðum sem beðið er um, ca. 10.900 fm., þá þarf að ráðast í breytingar á gildandi aðalskipulagi og deiliskipulagi svæðisins, ásamt því að athuga hvort þörf sé á umhverfismati vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Ekki er þó tekin afstaða til þess hér.

Eignarhald á landi er í eigu ríkisins og afnotaréttur er eitthvað sem þarf að skoða og tala við viðeigandi ráðuneyti um. Veður- og jarðfræðirannsóknir á svæðinu væri hægt að heimila, án þess að með því liggi fyrir skuldbinding um endanlegt samþykki til uppbyggingar á svæðinu. Sækja þyrfti um byggingar- eða framkvæmdaleyfi fyrir þeim útbúnaði sem þarf til slíkra rannsókna í Esjuhlíðum.

f.h umhverfis- og skipulagssviðs
/Björn Edvardsson

